

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis austan Reykjavíkurvegur, Reykjavíkurvegur 76, 78 og 80.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 11. ágúst 2009 breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis austan Reykjavíkurvegur, vegna Reykjavíkurvegur 76, 78 og 80. Breytingin felst í að nýtingarhlutfall lóðanna er hækkað úr 0,8 í 1,0. Heimilt er að hækka tvö hús úr einni hæð í þrjár hæðir. Byggingarreitur tengingangs er stækkaður og að hluta til hækkaður. Bílastæðum ofanjarðar fækkar en heimilt verður að gera bílakjallara syðst á lóðinni fyrir um 200 bifreiðar. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 21. september 2009,

Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 6. október 2009